

Skagafjarðarveitur ehf

Fundur 46 ? 24.02.2005

Fimmtudaginn 24. febrúar, árið 2005, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki. Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri, og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Hitaveita í Akrahreppi
 2. Aðalfundur Samorku 11. mars, nk á Selfossi.
 3. Fyrirspurn um hitaveitu sunnan Steinsstaða.
 4. Bréf frá Dögun ehf.
 5. Vorfundur Samorku á Akureyri 26.-27. maí 2005
 6. Erindi frá byggðarráði Skagafjarðar frá 15. feb. sl.
 7. Fyrirhugaður fundur með stjórnendum Hólaskóla.
 8. Áætlun um lagningu hitaveitu í Sveitarfélaginu Skagafirði.
 9. Önnur mál.
1. Lífeyrissjóðsmál veitustjóra.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Hreppsnefnd Akrahrepps mætti á fundinn, fulltrúar þeirra á fundinn voru þau Agnar Gunnarsson, Svanhildur Pálsdóttir, Þórarinn Magnússon, Þorleifur Hólmsteinsson og Margrét Óladóttir, einnig mætti Kristján Jónsson endurskoðandi hjá KPMG Endurskoðun. Fyrir fundinum lá samningur um að Skagafjarðarveitur leggi hitaveitu í Akrahrepp frá Ytri-Brekku að Uppsölum. Samkvæmt kostnaðarútreikningum Verkfræðiskrifstofunnar Stoð á Sauðárkróki er heildarkostnaður verksins 120,2 milljónir, auk kostnaðarhlutdeildar Akrahrepps við borholu í Varmahlíð að upphæð 13.5 milljónir. Samningurinn samþykktur af báðum aðilum og undirritaður.
2. Fundarboð á aðalfund Samorku 11. mars nk. á Selfossi, samþykkt að Páll Pálsson sækir fundinn og farið með umboð fyrir hönd Skagafjarðarveitna ehf.
3. Lagt fram bréf dags 28.01.2005, sem fjallar um möguleika á lagningu hitaveitu að Hvíteyrum, Nautabúi og Háubrekku. Veitustjóra falið að vinna frekar að málinu.
4. Lagt fram bréf frá Dögun ehf. dags 16.02.2005, þar sem óskað er eftir lækku á taxta á köldu vatni og einnig lækku á reikningi vegna nýs inntaks. Stjórnin telur ekki forsendur til lækkunar á reikningi vegna nýs inntaks. Stjórnin óskar eftir fundi með framkvæmdarstjóra Dögunar ehf. vegna óska um lækkunar á taxta.
5. Fundarboð um vofund Samorku á Akureyri 26-27. maí nk.
6. Lagt fram erindi frá Byggðarráði Sv. Skagafjarðar vegna styrkumsóknar til Orkusjóðs vegna jarðhitaleitar. Samþykkt að sækja um styrk.

7. Rætt um fund með stjórnendum Hólaskóla sem fyrirhugaður er 16. mars nk..

8. Veitustjórn samþykkir að vinna 10 ára áætlun um lagningu á hitaveitu á þau svæði sem talið verður arðsamt að hitaveituvæða í Sveitarfélaginu Skagafirði. Áætlunin verði tilbúin eigi síðar en 1. desember 2005.

9. Önnur mál.

1. Formanni stjórnar falið að ræða málin við KPMG Endurskoðun.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.35

Árni Egilsson ritari (sign)
Sigrún Alda Sighvats (sign)
Gísli Árnason (sign)
Einar Gíslason (sign)
Páll Pálsson (sign)